

HVALFJARÐAR  
SVEIT



**SAMSTARFS- OG MÁLEFNA  
SAMNINGUR**

---

**SVEITARSTJÓRNAR**

KJÖRTÍMABIL  
**2022-2026**



# SVEITARSTJÓRN

---

Kjörnir aðalfulltrúar í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar eru eftirfarandi, taldir upp í stafrófsröð: Andrea Ýr Arnarsdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Elín Ósk Gunnarsdóttir, Helgi Pétur Ottesen, Helga Harðardóttir, Inga María Sigurðardóttir og Ómar Örn Kristófersson. Kjörnir varamenn eru Ása Hólmarsdóttir, Dagný Hauksdóttir, Sæmundur Víglundsson, Marie Greve Rasmussen, Salvör Lilja Brandsdóttir, Ásgeir Pálmason og Haraldur Benediktsson.

## SAMNINGUR

---

Í þessum samstarfs- og málefnasamning er sett fram leiðarstef sveitarstjórnarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar kjörtímabilið 2022 til 2026.

Á kjörtímabilinu ætlar sveitarstjórn að vinna sem ein heild í átt að ennþá betra sveitarfélagi. Ekki verður um að ræða hefðbundið meiri- og minnihluta samstarf, þar sem allir sveitarstjórnarfulltrúar hafa vilja til samstarfs og samvinnu þar sem virðing í orði og borði verður höfð í öndvegi.

Sveitarstjórnarfulltrúar vilja, allir sem einn, leggja ríka áherslu á góðan starfsanda þar sem komið er vel fram, hlustað og borin virðing fyrir mismunandi skoðunum einstaklinga.

Sveitarstjórn vill stuðla að góðu upplýsingaflæði til íbúa, landeigenda, frístundahúsaeigenda og annarra hagsmunaaðila. Sveitarstjórn mun reglulega birta fréttabréf á heimasíðu sveitarfélagsins ásamt því að áformað er að haldnir verði upplýsingafundir um einstök málefni.



Til að stuðla að auknu íbúalýðræði í Hvalfjarðarsveit verður settur inn ábendingarhnappur á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar þar sem íbúum, landeigendum, frístundahúsaeigendum og öðrum hagsmunaaðilum gefst kostur á að senda inn ábendingu til sveitarstjórnar eða sveitarfélagsins. Ábending getur varðað hvað sem er, þjónustu, úrbætur, hrós eða annað sem viðkomandi vill koma á framfæri. Með þessu móti verður hægt að skila inn ábendingu með auðveldum hætti án þess að senda inn formlegt erindi. Viðverutímar oddvita í stjórnsýsluhúsi verða einnig auknir og hægt verður að panta viðtal með því að hafa samband í tölvupósti til oddvita, [andrea@hvalfjardarsveit.is](mailto:andrea@hvalfjardarsveit.is) eða hafa samband við skrifstofu Hvalfjarðarsveitar.

Sveitarfélagið tekur nú þegar þátt í verkefninu stafræn sveitarfélög með það að markmiði að nýta allar þær stafrænu lausnir sem unnt er og í boði verða. Sem stendur er t.d. í prófun hjá sveitarféluginu "rafræn fjárhagsaðstoð" og mun hún verða tekin í notkun á næstu misserum. Sveitarstjórn telur þetta mikilvægt skref og nútímavæðingu í rétta átt.

Í Hvalfjarðarsveit er fjölbreytt atvinnulíf, góð atvinnuþátttaka, landbúnaður, fjölbreytt iðnaðarstarfsemi, ferðaþjónusta, skógrækt o.fl. sem sveitarstjórn vill hlúa að eftir bestu getu.

Sveitarstjórn telur mikilvægt að haldið sé áfram ötullegri vinnu að jafnréttismálum líkt og verið hefur. Við skipan í nefndir og ráð er tekið tillit til og skipað á grundvelli jafnréttislaga auk þess sem fjölskyldu- og frístundanefnd sveitarfélagsins tekur árlega fyrir og skoðar stöðuna með tilliti til jafnréttis.

Í félags- og velferðarmálum á kjörtímabilinu vill sveitarstjórn að þjónusta við fjölskyldur og einstaklinga haldi áfram að haldast í hendur við uppbyggingu samfélagsins og að einstaklingar geti á auðveldan hátt nálgast upplýsingar, fengið svör við spurningum og skjóta, faglega og góða úrlausn sinna mála, hvers eðlis sem þau kunna að vera. Sveitarstjórn vill að komið verði á opnu samtali við eldri borgara með stofnun öldungaráðs, sem markvisst tekur þátt í málefnum sem varða þjónustu við eldri borgara í Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn stefnir að þátttöku í verkefninu Barnvæn sveitarfélög og mun bera sig eftir því að sú vinna verði hafin á kjörtímabilinu.

Í íþrótt- og tómstundamálum vill sveitarstjórn standa vörð um þann veglega frístundastyrk sem sveitarfélagið býður upp á, ásamt því að skoðað verði hvort hægt sé að koma því á laggirnar að tekjulágum heimilum standi til boða aukafrístundastyrkur. Sveitarstjórn vill einnig að Félagsmiðstöðin 301 haldi áfram sínu öfluga starfi fyrir mið- og ungingastig og að reglulega séu haldin námskeið í sveitarféluginu að svipaðri fyrirmynnd og gert var á vorönn 2022 fyrir börn á yngsta stigi. Samþykkt hefur verið að á kjörtímabilinu verði gerð frístundastefna sem varði alla aldurshópa í Hvalfjarðarsveit .

Mikil ánægja virðist vera með vor- og haustfrístund sem sett var á laggirnar á síðasta skólaári. Sveitarstjórn vill að samskonar frístund verði í boði til frambúðar. Einnig að boðið verði upp á vinnu stóran hluta sumars í vinnuskóla Hvalfjarðarsveitar.





Hvað varðar fræðslumál vill sveitarstjórn sjá að haldið verði áfram því öfluga starfi sem unnið er að í leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Leikskólinn Skýjaborg verði áfram gjaldfrjáls leikskóli frá kl. 09-14 og 25% afsláttur á fæðisgjaldi í leik- og grunnskóla verði áfram.

Samningur um skólapjónustu leik- og grunnskóla við Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri var samþykktur á fundi sveitarstjórnar í maí 2022. Sveitarstjórn telur samninginn gott verkfæri til að efla ennþá frekar leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar sem og að samningurinn verði nýttur í innleiðingu nýsamþykktar menntastefnu Hvalfjarðarsveitar (vor 2022). Menntastefnan gerir ráð fyrir að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði innleiddur í sveitarféluginu á gildistíma stefnunnar.

Á kjörtímabilinu mun sveitarstjórn leggja áherslu á uppyggingu með stöðugu og fjölbreyttu lóðaframboði ásamt því að tryggja að innviðir sveitarfélagsins ráði við íbúafjölgun en meðal þeirra verkefna er að vinna áfram með skýrslu starfshóps frá apríl 2022 er varðar framtíðarsýn í leikskólamálum. Áætlað er að byggingarframkvæmd á nýju leikskólahúsnaði í Melahverfi geti hafist í kjölfar byggingar nýs íþróttahúss við Heiðarborg.

Útvistarsvæðið í Melahverfi er á framkvæmdaáætlun og eru vonir bundnar við að hægt verði að fagna opnun svæðisins á Hvalfjarðardögum 2023.

Endurskoðað aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 mun væntanlega hljóta staðfestingu ráðherra og öðlast gildi í árslok 2022.

Loftslagsmálin eru stór áskorun á alþjóðavísu og er Hvalfjarðarsveit þar engin undantekning, skapa þarf jafnvægi í sambýli fólks og náttúru með því að taka skref sem byggð eru á vísindalegri þekkingu í átt að umhverfisvænna samfélagi. Í þeim málaflokki er samstarf við stóriðjuna á svæðinu lykilatriði og fagnar sveitarstjórn því að hafin sé vegferð að því að Grundartangasvæðið verði grænir iðngarðar með hringrásarhugsun. Sveitarstjórn vill, líkt og fram kemur í aðalskipulagi, gæta skynsemi og hagkvæmrar nýtingar lands og landgæða, tryggja vernd landslags-, náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Loftslagsstefna sveitarfélagsins er í vinnslu, ásamt því að nýverið var ráðinn umhverfisfulltrúi hjá sveitarféluginu.

Hvað varðar álagningu gjalda, útsvar, fasteignaskattur o.s.frv. þá mun sveitarstjórn gæta hófsemi við ákvörðun þeirra samhliða lögum og reglum þar um. Þjónustugjöldum líkt og sorp- og rotþróargjöldum er eftir sem áður ætlað að standa undir raunkostnaði.



Þessi listi yfir stefnumál er hvergi nærri tæmandi enda ýmis ófyrirsjáanleg verkefni sem koma upp á hverju kjörtímabili.

Sveitarstjórnin sem heild vill hafa það að markmiði að takast á við allar áskoranir og verkefni með hag íbúa sveitarfélagsins í öndvegi. Sveitarstjórnarfulltrúar munu leggja sig fram að hlusta á íbúa og hvetur sveitarstjórn íbúa, landeigendur, frístundahúsa eigendur og aðra hagsmunaaðila til þess að senda inn ábendingar til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnarfulltrúar halda af stað í kjörtímabilið og vegferðina framundan full af bjartsýni og jákvæðni og hlakka til að vinna fyrir sveitarfélagið okkar allra í góðu samstarfi og samvinnu.

#### **Andrea Ýr Arnarsdóttir**

*Oddviti sveitarstjórnar*

[andrea@hvalfjardarsveit.is](mailto:andrea@hvalfjardarsveit.is)

#### **Helga Harðardóttir**

*Varaoddviti sveitarstjórnar*

[helga.hardardottir@hvalfjardarsveit.is](mailto:helga.hardardottir@hvalfjardarsveit.is)

#### **Helgi Pétur Ottesen**

*Ritari sveitarstjórnar*

[helgi@hvalfjardarsveit.is](mailto:helgi@hvalfjardarsveit.is)

#### **Elín Ósk Gunnarsdóttir**

*Vararitari sveitarstjórnar*

[elin.gunnarsdottir@hvalfjardarsveit.is](mailto:elin.gunnarsdottir@hvalfjardarsveit.is)

#### **Birkir Snær Guðlaugsson**

[birkir@hvalfjardarsveit.is](mailto:birkir@hvalfjardarsveit.is)

#### **Inga María Sigurðardóttir**

[ingamaría@hvalfjardarsveit.is](mailto:ingamaría@hvalfjardarsveit.is)

#### **Ómar Örn Kristófersson**

[omar@hvalfjardarsveit.is](mailto:omar@hvalfjardarsveit.is)

